

Leirmótun

5-6 bekkur

6-24 janúar 2025

Kennarar: Álfheiður Þórhallsdóttir og Lárus Christensen

Markmið:

Leirmótun í Waldorfskólanum er unnin með það í huga að gera barninu kleift að vinna með sköpunarferla og náttúrulega ferla. Til dæmis að umbreyta efniviði og styrkja viljakraft sinn í gegnum þá vinnu. Mótun stuðlar að betri rýmisvitund og þjálfar hendur í skynjun og fínhyringum, auk þess að dýpka listræna skynjun og innsæi.

Kennsla

Í lotunni er unnið með leirmótun í gegnum umbreytingu forms. Byrjað er með eitt form og það síðan mótað yfir í annað form. Upphafsfarm er kúla og flóknara form er síðan unnið út frá henni. Hver og einn velur sér verkefni sem tengist fyrri mannkynssögulotu og egyptum. Nemendur læra einnig að endurnýta leir, brjóta, leggja í bleyti og hnoða upp leir.

Námsmat:

Vinnumat kennara

Þátttaka og áhugi

Vandvirkni

Sjálfsmat